

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 38. fundur skólanefndar

15. apríl 2008

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Eyþór Benediktsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Sigríður Finsen, Hreinn Þorkelsson áheyrnarfulltrúi kennara, Gísli Valur Arnarsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Józepsdóttir fundarritari.

Fjarverandi: Björg Ágústsdóttir.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. Lokapunktur stefnumótunarvinnu

Lokapunktur stefnumótunarvinnu FSN. Guðbjörg, Gísli Valur og Björg eru búin að funda. Frá samráðsfundunum þremur eru þrír mest áberandi punktar er varða stefnumörkun skólans; að auka tengsl skólans við samfélagið, halda krafti í öfluglu þróunarstarfi og að jákvæð þróun á skólamenningunni haldi áfram að þróast.

Lokatillögur Guðbjargar, Gísla og Bjargar eru ekki fullmótaðar. Þær verða byggðar á þeim þremur mest áberandi punktum sem fram komu á samráðsfundunum. Stefna skólans verður mótuð út frá punktum þremur og hverjum punkti mun fylgja aðgerðalisti. Í þessum aðgerðarlista verður lýst hvernig framkvæmd verður háttáð. Á lokafundinum þar sem lokahnykkur í stefnumótun skólans fer fram verður skipt í 3- 4 hópa. Hver og einn hópur mun fá einn punkt til að vinna úr. Þær niðurstöður verða svo teknar saman og munu að lokum fléttast inn í stefnu skólans sem sett verður á heimasíðu skólans. Þessi tillaga fékk einróma samþykki skólanefndar. Fundurinn veður settur á fljótlega. Tillaga að fundartíma er kl. 16:00 einhvern virkan dag með kaffi og tilheyrandi. Guðbjörg ráðfærir sig við kennara um dagsetningu.

3. Starfsmannamál, nemendafjöldi og fleira fyrir haustönn 2008

Auglýst eftir starfsmönnum á haustönn 2008. Auglýst er eftir dönskukennara í 100% stöðu. Ástæðan er sú að núverandi dönskukennari er að fara í nám. Einnig er auglýst eftir stærðfræði- og íslenskukenanra. Ástæðan er hagræðing því margir kennarar hafa verið að brúa bilið með hluta kennslu og þörf fyrir tvær heilar stöður til viðbótar orðin raunin. Einnig er auglýst eftir hlutastarfsmönnum, 50-70% stöður í samfélagsfræði og lífsleikni. Auglýst er eftir viðskiptafræðikennara í 50% stöðu og námsráðgjafa í 70% stöðu. Að lokum er einnig auglýst eftir þroskaþjálfara eða sérkennara í 100% stöðu fyrir starfsbraut.

Staðsetning starfsbrautar innanhúss er enn óákveðin. Tveir kostir eru í stöðunni. Annars vegar að stækka Bæ, fyrrverandi starfsbrautarrými og hins vegar að notast við Rein, núverandi spænskustofu. Fyrri tillaga er frekar kostnaðarsöm, því færa þarf vegg til þess að Bær rúmi tilvonandi nemendur starfsbrautar. Einnig er Bær frekar afskekkt stofa. Seinni tillagan felur í sér að færa þarf spænskukennsluna og einhvern hluta stærðfræðinnar annað. Hún er ódýrari en felur í sér þó nokkrar tilfærslur á haustönn 2008.

3.1. Nemendafjöldi

Skráningar á þessum tímapunkti er 10 nemendum fleiri en á sama tíma í fyrra. Á haustönn 2007 voru 260 nemendur sem hófu nám. Spá Guðbjargar er að nemendur haustönn 2008 verði örlítið fleiri en haustönn 2007. Þessa dagana er verið að kynna FSN fyrir nemendum 10. bekkja hér á Snæfellsnesi. Gísli Valur og félagar kynna einnig nemendafélagið fyrir þeim.

Lögð var fram tillaga um að hafa hærra gjald fyrir þá sem innrita sig utan auglýsts innritunartíma. Ekki hefur verið tekin ákvörðun.

4. Önnur mál

4.1.

Kallað var eftir hugmyndum um hvernig FSN geti sótt styrk í mótvægisaðgerðarsjóð menntamálaráðuneytisins. Hugmyndir voru *svæðisbundið leiðsögunám* og *verknámsstofu*.

Vaxandi eftirspurn er eftir leiðsögn um Snæfellsnes og ef til vill einhver eftirspurn eftir svæðisbundnu leiðsögunámi um Snæfellsnes. Þetta gæti verið ein önn og kennt í kvöldskóla. Þetta nám þyrfti að undirbúa mjög vel. Svipað nám er kennt í Menntaskólanum í Kópavogi. Einnig er ef til vill hægt að gera þetta að samstarfsverkefni með fyrirtækjum og Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Leitað verður til Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða um frekari upplýsingar um svona nám.

Verknámsstofa ætti að koma til móts við þann hóp sem kvótaskerðingin kom mest niður á. Enn er beðið eftir leyfi frá byggingafulltrúa um flóttaleiðir og brunamál um kjallarann.

Tillaga að FSN sækir um alla vega 10 milljónir í sjóðinn með tvær umsóknir. Guðbjörg vinnur að umsókn. Kannski verður önnur umsókn í mótvægisaðgerðarsjóð menntamálaráðuneytisins og önnur umsókn í styrktarsjóð vinnumálanefndar Snæfellsness.

4.2

Gísli segir frá nemendafélaginu. Stjórnarskiptin eru framundan, sex af þeim sjö meðlimum sem eru í stjórn eru að útskrifast í maí. Ný stjórn mun vinna með gömlu stjórninni fram á vorið og leiðbeina henni. Haldinn verður aðalfundur þar sem gamla

stjórnin mun skila af sér ársreikningum. Árshátíðin tókst mjög vel og var sérstaklega glæsileg í ár, en kostaði fullmikið. Forvarnardagur var haldinn í öllum framhaldsskólum landsins þann 9. apríl. Þessi forvarnardagur mun verða árlegur viðburður í FSN. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga styrkir forvarnardaginn.

4.3

Guðrún lagði fyrir tillögu um hækkun á útleigu á rýmum FSN. Tillagan var samþykkt með þeirri breytingu að setja lágmarksgjald á útleigu á stökum rýmum í 5.000,- kr.

4.4

Mikil ánægja er með opinn dag og vangaveltur um hvort halda ætti opinn dag árlega, eða jafnvel á þriggja ára fresti. Ekki var tekin ákvörðun um málið.

4.5.

Guðbjörg varpar fram hvort vilji sé til þess að hækka innritunargjöld í FSN. Tillaga um að hafa óbreytt innritunargjald næstu önn en sjá svo til.

Kjartan Páll slítur fundi og þakkar fyrir komuna. Næsti fundur í lok ágúst eða byrjun september 2008. GA mun boða til fundarins þegar nær dregur.